

Að spyrja börn spurninga.

Þegar börn eru spurð spurninga úr sögum spyrja margir fullorðnir já/nei spurninga sem og stuttra hv-spurninga. Já/nei spurningar hjálpa til með einfaldan skilning og stuttar hv-spurningar reyna flestar á svör í stuttum setningum sem eru góðar út af fyrir sig. Það er þó hægt nota hv-spurningar til að víkka spurningar meira og auka þannig umræður um það sem gerðist í bókinni og efla þannig enn meira málskilning og máltjáningu barna. Dæmi um slíkar spurningar:

Hvað er að gerast núna í sögunni?

Hvað vitum við núna um (sögupersónuna)?

Hvað hefur breyst í sögunni?

Hvað heldur þú að gerist næst?

Hvers vegna gerði hann þetta?

Hvernig leysir þriðji grísinn vandamálið með úlfinn í lok sögunnar?



Spurningar sem byrja á „Hvað heldur þú...“ og „Hvernig heldur þú að...“ auka við skilning barnsins á sögunni. Þá er einnig mælt með að nota spurningar til að nýta málið til hugsunar og lærdóms á meðan á lestri stendur en það eru spurningar sem hjálpa barninu að lesa á milli línanna í sögunni.

Spurningar sem hvetja börn til að útskýra, tala um eigin upplifun/reynslu, tilfinningar og meta aðstæður:

Útskýring – „Af hverju heldur þú að...?“

Upplifun – „Hefur þú einhvern tímann...?“

Tilfinningar – „Hvernig heldur þú að henni hafi liðið þegar...?“

Meta – „Af hverju heldur þú að hann hafi átt að...?“

Spurningar sem hjálpa börnum að spá fyrir um, leysa vandamál, spegla og ímynda sér:

Spá fyrir um – „Hvað heldur þú að gæti gerst ef...?“

Leysa vandamál – „Hvernig gæti hún...?“

Speglun – „Hvernig liði þér ef þú værir...?“

Ímyndun – spurningar sem tengjast endursögn barnanna á sögunni

